

Úr fórum Walters Knauf, blikksmíðameistara á Ísafirði

Edvard Carl Walter Knauf, blikksmiður á Ísafirði, fæddur 28. marz 1910 í Oberheldringen í Turingen í Þýskalandi. Faðir Walters var Karl Knauf námuverkstjóri, sonur hjónanna Línu Knauf húsfreyju og Franz Knauf, b. í Udersleben í Þýskalandi, en móðir Walters var Anna Knauf, húsmóðir í Oberheldringen, dóttir hjónanna Önnu Schneider, fædd Schröpfer, og Eduard Schneider. Walter fór í iðnskóla og síðan í tækniskóla þar sem hann lauk námi í blikksmíði og pípulögnum. Hann yfirgaf Þýskaland þegar Hitler fyrirskipaði herskyldu og sigldi með Dettifossi til áleiðis til Akureyrar í desember 1934. Um borð kynntist hann Guðmundi Guðjónssyni arkitekt sem þá var á leið til norður í Djúpuvík til að reisa þar síldarverksmiðju. Bauð Guðmundur honum að koma að vinna fyrir sig í Djúpuvík og úr varð að Walter tók boði Guðmundar þar sem hann fékk vinnu, fæði og húskaskjól. Í Djúpuvík kynntist hann tilvonandi eiginkonu sinni, Halldóru Guðjónsdóttur frá Kaldbak f. 10. júlí 1898 og voru þau gefin saman í Reykjavík 19. nóvember 1935. Árið 1937 keyptu þau Tangagötu 20 á Ísafirði en voru mikið norður í Djúpuvík á sumrum. Walter var handtekinn ásamt fleiri Þjóðverjum í kjölfarið á hernámi Íslands í maí 1940 og sendur í fangabúðir á Skotlandi og Englandi. Var Walter í haldi Breta til stríðsloka og var þá fluttur til Þýskalands þaðan sem hann fór heim til Íslands. Kom hann til Ísafjarðar undir jól 1948 eftir sjö og hálfis árs útleið. Starfaði hann við iðn sína alla tíð og var með verkstæði í kjallara hússins að Tangagötu 20. Halldóra lést 20. febrúar 1975 og Walter Knauf lést 31. desember 1988. Þau Walter og Halldóra eignuðust eina dóttur, Önnu Sigprúði f. 22. júlí 1938, d. 23. maí 2020.

3175/684: „Ingenieurschule Bad-Sulza. Marchinen - Laboratorium" Walter Knauf. Ýmsar teikningar og útreikningar vegna náms.

5007/995: Bréf frá Önnu Knauf til föður hennar, Walters Knauf, skrifuð á árunum 1986-1988; 2 bréf frá Maríu Jónsdóttur til afa hennar, Walters Knauf, skrifuð í sept. 1980; 2 bréf frá Guðmundi Dagssyni á Kaldbak á Ströndum, dags. 20/11 og 11/12, 1955.

5008/995: Bréf frá Alfred og fjölskyldu á Siglufirði, 2 bréf skrifuð á þýsku dags. 9/10, 1956 og 12/1, 1958; Bréf frá Alfred og fjölskyldu á Akranesi, 1 bréf á þýsku dags. 19/1, 1975; 1 bréf á þýsku frá Bjarna Sigurðssyni lækni, dags. 16/8, 1987; 1 bréf á þýsku frá Friedel, dags. 10/9, 1987 og miði á þýsku, dags. 7/10, 1987; 1 bréf á þýsku frá Poul Fujs í Thür, Þýskalandi, dags. 12/11, 1958; 1 bréf á þýsku frá Wolfgang Knauf, Freiburg, Þýskalandi, dags. 14/1 1985 og prentaður dreifimiði á þýsku.

5009/995: Bréf frá Gerdu Schröpfer (Knauf) í Hamborg 1954-1958, 1978 og 1986-1987

5010/995: Bréf frá Irmgard Dietrich, Sangerhausen, Þýskalandi, frá árunum 1986-1988.

5011/995: Bréf frá Helene Michaelis, Oberheldringen, Þýskalandi, frá árunum 1948, 1955, 1958, 1986-1988.

5012/995: Bréf frá Klaus Michaelis, Oldislesen, Þýskalandi, frá árunum 1987-1988

5013/995: Bréf frá Rosu Wiesenboru, Oberheldringen, Þýskalandi, frá árunum í kringum 1987.

5014/995: Bréf frá ýmsum aðilum : Anny Baguhn, Hamburg Deutchland, 1 bréf á þýsku og úrklippa um Ísland; Bridds, 1 bréf á þýsku, dags. 4/5, 1949, Reykjavík; Bréf á þýsku frá ónefndum aðila; Dánartilkynning : Helmut Schneider, látinn 29. júní, 1978. júní; Dánartilkynning : Hugo Schneider, látinn 6/1, 1985.

5015/996: Ýmis gögn varðandi sveinspróf í blikksmíði 1983-1984.

5016/996: "Sogið og elliðarárnar" eftir Steingrím Jónsson, gefið út í Reykjavík 1933; "Norræn tíðindi". Félagsrit Norræna félagsins. Reykjavík, 2. tbl. 1958; "Skåne" i tekst og billeder. Foreningerne Norden Danmark og Svergie 1958; "Gertrud Henriette Häsler" 1893-1960, grafljóð; Føroyjakort; Kort af Íslandi, útg. 1931; Þakkarkort v/ auðsýndar samúðar v/ andláts Gísla Kristjánssonar, sundhallarforstjóra á Ísafirði.

5017/996: Tímarit iðnaðarmanna. Gefið út af Lands sambandi iðnaðarmanna : 2. hefti 1956, 3. hefti 1958, 1. hefti 1959, 2. hefti 1959, 5. hefti 1959, 2. hefti 1960 og 4. hefti 1960; Sjómannadagsblaðið 1960.

5018/996: "Rettung", - 11., 12., 14., 15., og 17., tbl. 1960 (þýskt tímarit, fjórblöðungur); "Gott ist ein gutet gott" eftir Oral Roberts. Myndasaga á þýsku, 4 síður. Gefið út af Evangelistic Association 1958 (2 eintök); "Stjarnan", júlí og september 1956 (trúarlegt tímarit gefið út í lundar, Manitoba); "Sieg Des Kreuzes" Monatschrift zur Verkundung des vollen Evangeliums. Ágúst 1960; "Der rechte kurs", 1., 3., og 4. tbl. 1960. Gefið út í Bremerhaven af Evangelistum; "Evangelium des Johannes", Helsinki 1944 "Das Evangelium St. Johannes", útg. 1944.

5019/996: Auglýsingabæklingar, vörulistar o.fl. á íslensku dönsku og þýsku, frá 4. og 5. áratug 20. aldar. Aðallega tengt járnsmíði)

5020/997: "Das beste aus Reader's Digest" febr, mars og apríl 1960.

5021/997: "Volk un Reich", 11. hefti 1939 (nasistaáróður).

5022/997: Bókhaldsgögn 1937-1962.

5023/997: Bókhaldsgögn 1963-1977.

5024/997: Ýmis bréf og skjöl á íslensku, þýsku og dönsku, mest starfstengt (blikksmíði ofl.), frá árunum 1940-1986.

5025/997: Félagsskírteini, nafspjöld ofl.

5026/997: Trúarlegir smábæklingar

5027/998: Heillaóskakort / afmæliskeðjur

5028/998: Jólakort

5029/998: Póstkort

5030/998: Frumbækur frá tímabilinu 1939-1967.